

Viðauki um þjónustu við hælisleitendur samkvæmt samningi Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar

I. Húsnæði

Þjónustuaðili sér hælisleitendum fyrir samþykktu íbúðarhúsnæði ásamt húsbúnaði. Til húsbúnaðar teljast þeir munir sem nauðsynlegir eru til að halda láttlaust heimili með þeim hætti sem almennt gerist. Heimilt er að samnýta húsnæði fyrir fleiri en einn hælisleitanda. Stærð húsnæðis skal taka mið af fjölskyldugerð og aðstæðum hælisleitenda.

Þjónustuaðili leggur til efni og tæki til ræstingar á húsnæðinu við komu hælisleitanda en í framhaldinu sér hann sjálfur um innkaup á hreinlætisvörum og er gert ráð fyrir kostnaði vegna þess í framfærslu.

II. Framfærsla

Þjónustuaðili greiðir hælisleitanda framfærslueyri á meðan hann nýtur þjónustu sveitarfélagsins, samkvæmt samningi við Útlendingastofnun. Hælisleitandi sér sjálfur um innkaup og matseld. Til framfærslu heyra matvörur, hreinlætisvörur o.fl. Þjónustuaðili greiðir fyrir húsnæði, rafmagn og hita.

Greiðsla framfærslueyris er tvíþætt. Annars vegar í formi innkaupakorts og hins vegar í formi vasapeninga. Þjónustuaðili leggur inn á innkaupakort einu sinni í viku á tilteknum vikudegi. Hjá einstaklingi er upphæðin 8.000 kr. á viku og hjá þörum/hjónum er upphæðin 13.000 kr. á viku. Hér að neðan er tafla sem sýnir dæmi um fjárhæðir eftir fjölskyldustærðum.

Fjölskyldustærð	Upphæð í krónum
Einstaklingur	8.000
Tveir í fjölskyldu	$8.000 + 5.000 = \mathbf{13.000}$
Þrír í fjölskyldu	$8.000 + 5.000 + 5.000 = \mathbf{18.000}$
Fjórir í fjölskyldu	$8.000 + 5.000 + 5.000 + 5.000 = \mathbf{23.000}$

Vasapeningar skulu afhentir hælisleitendum eftir fjögurra vikna dvöl í þjónustu, einu sinni í viku eftir þann tíma, á sama stað og á tilteknum vikudegi. Hver hælisleitandi skal fá 2.700 kr. í vasapening á viku. Ákveði Útlendingastofnun að skerða vasapeninga vegna brots á umgengnisreglum skal þjónustuaðili tilkynna hælisleitanda um þá ákvörðun Útlendingastofnunar.

Rauði krossinn tryggir hælisleitendum reglulega og endurgjaldslausu fataúthlutun í samstarfi við þjónustuaðila. Ef ekki tekst að útvega hælisleitendum undirföt og vetrarskó skal þjónustuaðili tryggja þeim þær nauðsynjar.

III. Heilbrigðisþjónusta og lyfjakostnaður

Innifalið í daggjaldi til þjónustuaðila er lækniþjónusta við komu¹, almenn heilbrigðisþjónusta hælisleitanda og lyfjakostnaður sem af henni kann að leiða sem og mæðra- og ungbarnaefirlit, ef til kemur. Þjónustuaðili skal tafarlaust tryggja að barnshafandi konur fái aðgang að mæðraefirliti. Hælisleitendum skal einnig standa til boða að leita meðferðar hjá félagsráðgjöfum, geðlæknum eða sálfræðingum, m.a. með tilliti til áfallastreituröskunar eða annarra erfiðleika sem þeir kunna að hafa orðið fyrir.

Önnur lækniþjónusta utan þess sem að ofan greinir er ekki innifalin í daggjaldi. Sú þjónusta er ekki veitt nema að undangengu mati trúnaðarlæknis Útlendingastofnunar á nauðsyn þjónustunnar.

Heilbrigðiskostnaður vegna bráðþjónustu er greiddur í samræmi við reglugerð nr. 1101/2012 um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir. Hér undir falla t.a.m. fæðingar og fæðingaraðstoð og bráðainnlagnir á sjúkrahús. Hælisleitendur bera sjálfir annan heilbrigðis- og lyfjakostnað.

Komi upp vafamál um veitingu þjónustu skal þjónustuaðili hafa samráð við tengilið hjá Útlendingastofnun samkvæmt 9. gr. samningsins.

IV. Ráðgjöf

Þjónustuaðili býður hælisleitendum upp á reglubundna viðtalstíma þar sem veitt er félagsleg ráðgjöf og stuðningur með hliðsjón af lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

V. Samgöngur

Þjónustuaðili tryggir hælisleitendum gjaldfrjálsan aðgang að almenningssamgöngum til að komast í þjónustu samkvæmt viðauka þessum eða aðra þjónustu sem talin er nauðsynleg að mati Útlendingastofnunar eða þjónustuaðila.

VI. Túlkaþjónusta

Þjónustuaðili skal sjá til þess að hælisleitendur fái notið þjónustu túlks eftir því sem við á. Þjónustuaðili metur hvort þörf sé á þjónustu túlks. Þjónustan getur eftir atvikum farið fram á staðnum eða með nýtingu tækni, t.d. myndsíma. Tryggja skal að börn hælisleitenda séu ekki túlkar.

¹ Þjónustuaðili tryggir hælisleitendum lækniþjónustu við komu þar til greiningar- og móttökumiðstöð fyrir hælisleitendur tekur til starfa á vegum Útlendingastofnunar. Stefnt er að því að það verði innan eins árs frá undirritun samnings þessa.

VII. Tímstundir og fullorðinsfræðsla

Þjónustuaðili leitast við að bjóða hælisleitendum tækifæri til að kynna íbúum og staðhátum í sveitarfélaginu og afla sér þekkingar á íslensku samfélagi meðan á málsmeðferð stendur. Þjóða skal hælisleitendum uppá íslenskukennslu á meðan þeir eru í þjónustu sveitarfélagsins og upplýsa þá um afþreyingu sem stendur til boða í nærsamfélaginu.

Þjónustuaðili tryggir hælisleitendum internetaðgang til að auðvelda samskipti þeirra við aðstandendur í heimalandi, til upplýsingaöflunar og í fræðsluskyni. Þjónustuaðili ákveður fyrirkomulag þjónustunnar.

Æskilegt er að hælisleitendum standi til boða sundkort á vegum þjónustuaðila sem og bókasafnskort.

VIII. Samstarf

Útlendingastofnun heldur reglubundna fundi með þjónustuaðila vegna umfjöllunar um einstök mál og til samræmingar á úrræðum og úrlausnum mála. Báðir samningsaðilar geta óskað eftir slíkum fundum.

Útlendingastofnun kallar árlega alla þjónustuaðila í málefnum hælisleitenda á sameiginlegan fund til að fara yfir samstarf og þróun í málaflokknum. Þjónustuaðili tekur þátt í slíkum fundi á gildistíma samningsins.



7 